

Leiðbeiningar um gerð staðalista

Inngangur

Verklagsreglur þessar fela í sér leiðbeiningar til sveitarfélaga um hvernig standa skuli að því að ákveða hvað skal tengja ljósleiðara eða öðru öflugu gerð neta¹ innan sveitarfélagsins, þegar uppbygging slíks nets á sér stað með fjárstuðningi sveitarfélagsins og fjarskiptasjóðs á grundvelli Ísland ljóstengt verkefnisins. Um er að ræða tengingu heimila og vinnustaða sem sveitarfélagið hefur í hyggju að styrkja svo og ákvörðun um aðra tengistaði t.d. sumarhúsa sem æskilegt þykir að gera ráð fyrir í slíku verkefni, þó svo að sveitarfélag veiti ekki fjárstuðning til slíkra tenginga. Leiðbeiningarnar fela í sér skýringar á hugtökum sem reynir á við ákvarðanatöku við gerð staðalista og ábendingar um framkvæmdaleg atriði sem skynsamlegt er að fylgja að áliti Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS).

Senda á afrit af uppfærðum staðalista til PFS á stafrænu formi í tengslum við beiðni til fjarskiptasjóðs um samningagreiðslur á grundvelli þess að a.m.k. helmingur umsaminnna staða hafa verið tengdir (40% samningsfjárhæðar) eða við verklok (20% samningafjárhæðar).

Sjá nánar tæknilega skilmála fjarskiptasjóðs er varða gerð staðalista til grundvallar styrkumsókn vegna Ísland ljóstengt.

1. Skráning á staðalista

Nauðsynlegt er að staðalistar séu eins réttir á hverjum tíma og kostur er. Réttur staðalisti er ein af forsendum þess að sveitarfélag getisent inn styrkbeiðni til fjarskiptasjóðs til ljósleiðarauppbyggingar og/eða fengið greiðslu 2 sem og lokagreiðslu á grundvelli samnings við sjóðinn.

Tekið skal fram að sveitarfélög geta ákveðið að styrkja framkvæmdir umfram þær grunnforsendur sem fjarskiptasjóður leggur til grundvallar, svo fremi sem um sé að ræða staði sem skilgreindir eru með markaðsbrest.

1.1. Innihald staðalista

Til að stuðla að samræmdri nálgun og einsleitri útfærslu skulu staðalistar byggja á staðfangaskrá Þjóðskrár. Staðfangaskrá má finna á vef Þjóðskrár hér:

<https://www.skra.is/einstaklingar/gagnagrusk/nidurhal/>. Skjalið „Fyrirmynd fyrir staðalista“ sýnir þær upplýsingar sem eiga að vera á staðalista. Skjalið „Fyrirmynd fyrir staðalista“ má finna á vef PFS hér: <https://www.pfs.is/fjarskipti/ljosleidarauppbygging-og-rikisstyrkir/>. Velja þarf staði úr staðfangaskrá Þjóðskrár fyrir hvert sveitarfélag en dálkurinn *SVFNR* inniheldur númer sveitarfélaga. Sjá má númer sveitarfélaga m.a. á vef sambands sveitarfélaga: https://www.samband.is/media/skjol-um-sveitarfelog/sveitfax_17_09_2018a.xls. Gögnum á staðfangaskrá skal ekki breyta, hins vegar þarf sveitarfélag að yfirfara þann lista og bæta stöðum við eða fella út eftir þörfum. Staðfangaskrá inniheldur m.a. ekki fjarskipta- eða veitumannvirki. Velja þarf úr þá dálka af staðfangaskrá sem þurfa að vera á staðalista. Auk þess þarf að bæta við öðrum dálkum og fylla inn viðeigandi

¹ Sjá lið 12 undir *Úthlutun styrkja* í skilmálum Ísland ljóstengt.

upplýsingar. Hér að neðan er farið yfir þær upplýsingar sem eiga að vera á staðalista sem eins má sjá í „Fyrirmynd fyrir staðalista“. PFS mælir með því að sveitarfélag vinni með heildarlista yfir fasteignir í dreifbýli í sveitarfélaginu þar sem styrkhæfir staðir verði merktir sérstaklega. Þannig má nokkuð auðveldlega halda utan um og rekja sögu útfellinga og viðbóta styrkhæfra staða í hverju sveitarfélagi. Í staðfangaskrá Þjóðskrár má finna matsnúmer, fasteignaheiti í ólíkum föllum og fleira sem gæti nýst sveitarfélagi við að tengja saman þau gögn sem eru á staðalista PFS við önnur gögn.

Staðalistar frá sveitarfélögum vegna umsóknar um styrk frá fjarskiptasjóði vegna Ísland ljóstengt þurfa að innihalda upplýsingar um öll lögheimili með heilsárs búsetu og vinnustaði með heilsárs atvinnustarfsemi sem teljast styrkhæf og til stendur að styrkt ljósleiðarauppbygging á vegum sveitarfélagsins nái til. Þessi listi þarf að liggja fyrir ÁÐUR en eiginleg umsókn um styrk er send til fjarskiptasjóðs á grundvelli B hluta eða C hluta umsóknar.

Æskilegt er að sveitarfélag geri jafnframt grein fyrir öðrum stöðum á staðalista sem sveitarfélagið mun gefa kost á tengingu þó svo að þeir staðir séu ekki styrkhæfir gagnvart fjarskiptasjóði. Slíkur listi þarf að EKKI að liggja fyrir áður en eiginleg umsókn um styrk er send til fjarskiptasjóðs.

PFS getur aðstoðað við gerð staðalista en það er þó í höndum og á ábyrgð sveitarfélaga.

1.2. Form staðalista (Format)

Dæmi um útlit staðalista:

Heinum	Hnitnum	Fasteignaheiti	Postnr	Lögheimili	Sumarhús	Atvinna	Ferðamannast	Fjarskipta mannvirki	Veitu mannvirki	Annað	Heilsárs vera	Tenging	Styrkhæfur	X_ísn93	Y_ísn93	Lat_wgs84	Long_wgs84	Ath	Dags skráð
1047999	10068227	Bær	999	1	0	0	0	0	0	0	1	1	1	374887	502318	65,823205	-20,307781		9.11.2018
1048000	10068228	Ballará	999	1	0	0	0	0	0	0	1	1	1	374888	502319	65,833639	-20,308592		9.11.2018
1048001	10003591	Bessatunga	999	1	0	0	0	0	0	0	1	1	1	374889	502320	65,823467	-20,303265		9.11.2018
1048002	10003588	Bildhóll	999	0	1	0	0	0	0	0	1	1	1	374890	502321	65,834938	-20,309752		9.11.2018
1048003	10003589	Bjarmaland	999	1	0	0	0	0	0	0	1	1	1	374891	502322	65,823138	-20,318986		9.11.2018
1048004	10089842	Brautarholt 2	999	1	0	0	0	0	0	0	1	1	1	374892	502323	65,829028	-20,320219		9.11.2018
1048005	10068218	Brautarholt	999	1	0	0	0	0	0	0	1	1	1	374893	502324	65,828862	-20,320692		9.11.2018
1048006	10068217	Breiðabólstaður	999	1	0	0	0	0	0	0	1	1	1	374894	502325	65,829139	-20,318737		9.11.2018
1048007	10068213	Brunná	999	1	0	0	0	0	0	0	1	1	1	374895	502326	65,829431	-20,319189		9.11.2018
1048008	10068216	Búðardalur 2	999	1	0	0	0	0	0	0	1	1	1	374896	502327	65,82879	-20,31966		9.11.2018
1048009	10068212	Bugðustaður	999	1	0	0	0	0	0	0	1	1	1	374897	502328	65,829303	-20,319511		9.11.2018
1048010	10068215	Drangar	999	1	0	0	0	0	0	0	1	1	1	374898	502329	65,828625	-20,320133		9.11.2018
1048011	10068211	Dunkarbakki	999	1	0	0	0	0	0	0	1	1	1	374899	502330	65,824815	-20,308299		9.11.2018
1048012	10068207	Dunki	999	1	0	0	0	0	0	0	1	1	1	374900	502331	65,823313	-20,306648		9.11.2018
1048013	10068203	Efri Brunná	999	1	0	0	0	0	0	0	1	1	1	374901	502332	65,824584	-20,305903		9.11.2018
1048014	10068199	Eiriksstaðir	999	0	1	0	0	0	0	0	1	1	1	374902	502333	65,824478	-20,302528		9.11.2018
1048015	10068195	Emmuberg	999	1	0	0	0	0	0	0	1	1	1	374903	502334	65,824876	-20,302155		9.11.2018
1048016	10068191	Engihlið	999	0	1	0	0	0	0	0	1	1	1	374904	502335	65,824529	-20,301787		9.11.2018
1048018	10068187	Erpsstaðir	999	1	0	0	0	0	0	0	1	1	1	374906	502337	65,824935	-20,301545		9.11.2018
1048019	10068183	Fellsendi	999	0	0	1	1	1	1	0	1	1	1	374907	502338	65,824552	-20,301132	3G Vodafone	9.11.2018
null	null	Veita 1	999	0	0	0	0	0	1	0	null	1	1	374908	502339	65,824984	-20,301		9.11.2018
null	null	Veita 2	999	0	0	0	0	0	1	0	null	1	1	374909	502340	65,824638	-20,300611		9.11.2018
null	null	Sendir 1	999	0	0	0	0	1	0	0	null	1	1	374910	502341	65,825051	-20,300566	4G Nova	9.11.2018
null	null	Sendir 2	999	0	0	0	0	1	0	0	null	1	1	374911	502342	65,824726	-20,299675	4G Síminn	9.11.2018
null	null	Sendir 3	999	0	0	0	0	1	0	0	null	1	1	374912	502343	65,825076	-20,299692	GSM Síminn	9.11.2018

1.3. Kröfur vegna úrvinnslu á staðalistum

Vegna tölvuúrvinnslu staðalista er mælt til eftirfarandi við viðbætur á staðalista:

- *Hafa staði skráða í nefnifalli*
- *Innihaldi nákvæmar staðsetningar í formi hnitsetningar. Notast skal við íslenska landshnitakerfið (ISN93) eða GPS-hnit (WGS 1984). Form hnitsetningar þarf að vera hið sama fyrir hvert sveitarfélag.*

1.4. Afhending og viðhald á staðalistum

Fjarskiptasjóður hefur falið PFS ut anumhald staðalista styrkra sveitarfélaga og sveitarfélaga í umsóknarferli í tengslum við Ísland ljóstengt. Sveitarfélög sem hljóta styrk frá fjarskiptasjóði ættu í því sambandi að senda staðalista til PFS sem og allar uppfærslur á slíkum listum allt til verkloka. Gert er ráð fyrir að sveitarfélög sendi uppfærslur á staðalista samanber viðmið í inngangi þessara leiðbeininga. Sveitarfélög geta gert samkomulag við PFS um annað fyrirkomulag.

1.5. Eigindi á staðalista

Eftirfarandi dálkar eiga að vera á staðalista frá sveitarfélagi. Þá má finna í „Fyrirmynd fyrir staðalista“. Sé stöðum bætt við listann má velja hvort hnitakerfið ISN93 eða WGS84 sé notað, ekki þarf að gefa upp hnit í báðum hnitakerfum. Í auða dálka á að fylla út viðeigandi eigindi. Skilja skal reiti eftir auða ef ekki er hægt að afla staðfesta upplýsinga um stað. Vert er að minna á að slík gögn geta verið forsenda fyrir styrk frá fjarskiptasjóði.

Eftirfarandi dálkar sem finnast í staðfangaskrá Þjóðskrár eiga að vera á staðalista:

Heinum: Heiti-númer staðfanga². Eitt númer er fyrir hvert staðfang.

Hnitnum: Hvert staðfang og heitinúmer getur verið tengt mörgum hnitum sem tákna staðsetningu. Hnitnúmer eru auðkennisnúmer hnita fasteigna. Hnitnúmer á staðalista er einstakt ólíkt heitinúmeri.

Fasteignaheiti: Fasteignar- eða mannvirkjaheiti (líkt og „Suðurlandsbraut 4“).

Postnr: Póstnúmer (líkt og „101“).

X_isn93: Hnit sem staðsetur stað. X-gildi í austur mælt í metrum í ISN93.

Y_isn93: Hnit sem staðsetur stað. X-gildi í vestur mælt í metrum í ISN93.

Lat_wgs84: Breiddargráða (Norður).

Long_wgs84: Lengdargráða (Austur).

Eftirfarandi dálka má finna í „Fyrirmynd fyrir staðalista“ og inn í þá þarf að fylla inn viðeigandi eigindi:

Lögheimili: Er í fasteigninni lögheimili? (1 fyrir Já og 0 fyrir Nei). Miða á við lögheimili eins og þau eru skráð 1. október 2018.

Sumarhús: Er fasteignin sumarhús? (1 fyrir Já og 0 fyrir Nei).

Atvinna: Er atvinnustarfsemi í fasteigninni? (1 fyrir Já og 0 fyrir Nei).

Ferðamannast: Ferðamannastaður (1 fyrir Já og 0 fyrir Nei).

Fjarskiptamannvirki: Fjarskiptamannvirki (1 fyrir Já og 0 fyrir Nei). Tilgreina skal gerð í ATH.

Veitumannvirki: Veitumannvirki (1 fyrir Já og 0 fyrir Nei). Tilgreina skal gerð í ATH. Skrá skal á eftirfarandi hátt: „vatnsveita“, „rafmagnsveita“, „hitaveita“ eða „fráveita“.

Annað: (1 fyrir Já og 0 fyrir Nei). Skrá þarf hvers kyns fasteign er ef hún er ekkert af ofangreindu en telst styrkhæf³, það skal skrá í athugasemdir.

Heilsárs vera: Er atvinnustarfsemi eða íbúar í lögheimili (skráðir) allt árið um kring? (1 fyrir Já og 0 fyrir Nei).

² Skilgreining staðfangs (e. access address): Er staðsetning þar sem fólk gæti verið að finna. Slík staðsetning getur svarað til heimilis, samkomuhúss, verslunar, vinnustaðar, útsýnisstaðar o.fl. (Landmælingar Íslands, á.á.)

³ T.d. kirkjur, veiðihús, félagsheimili o.s.frv.

Tenging: Á að tengja fasteign/mannvirki í verkefninu? Merkja á 0 fyrir nei, 1 fyrir ljósleiðarlögn í áður lagt ljósleiðararör, 2 fyrir ljósleiðarlögn og 3 fyrir aðra gerð tengingar en ljósleiðari.

Styrkhæfur: Er staður styrkhæfur? (1 fyrir Já og 0 fyrir Nei).

Ath: Athugasemdir.

Dags skráð: Dagsetning skráningar.

Suma staði ætti að skrá með fleiri en einn tilgang. T.d. gæti fasteign innihaldið lögheimili og atvinnustarfsemi. Þá ætti að skrá fasteign á eftirfarandi hátt (með 1 í bæði Lögheimili og Atvinna):

Heinum	1140321
Hnitnm	10045879
Fasteignaheiti	Isey
Postnr	420
Lögheimili	1
Sumarhús	0
Atvinna	1
Ferðamannast	0
Fjarskiptamannvirki	0
Veitumannvirki	0
Annað	0
Heilsárs atvinna	1
Tenging	1
Styrkhæfur	1
X_isn93	359657
Y_isn93	405366
Long_wgs84	-21,8456
Lat_wgs84	64,8452
Ath	
Dags skráð	29.11.2018

1.6 Hvernig bæti ég fleiri stöðum á listann

Ef staðfang finnst ekki í listanum er hægt að hafa samband við Þjóðskrá til að biðja um að staðfang sé skráð. Eins má búa til nýja línu og skrá í dálkana þau gildi sem eru þekkt, t.d. er hægt að nota kortasjá vefsíðunna <http://ja.is> til þess að nálgast hnit staða.

1.7 Það eru allt of margir staðir á listanum

Líklegt er að talsvert sé af umfram hnitum í forskrifuðum lista þar sem þar er að finna öll hnitsett staðföng á Íslandi. Þar geta verið eyðibýli, sumarhús, óbyggðar lóðir og óbyggðar sumarhúsalóðir. Einfaldlega má eyða út öllum þeim línnum sem ekki eiga við í umsókninni. Þó er mikilvægt að eiga ekki við dálkaheiti eða röðun dálka.

Ef spurningar vakna varðandi gerð staðalista má að hafa samband við Lilju Bjargeyju Pétursdóttur (lilja@pfs.is) sérfræðing hjá PFS.

2. Skýringar á hugtökum í staðalista

Hér að neðan má finna nánari skýringar á þeim hugtökum sem koma fram við gerð staðalista og skipta máli þegar kemur að því hvort staður eigi mögulega kost á ríkisaðstoð, þ.e. styrk frá fjarskiptasjóði og sveitarfélögum eður ei. Er hér um ræða verklag sem fjarskiptasjóður hyggst styðjast við. Þetta er jafnframt það verklag sem Póst- og fjarskiptastofnun leiðbeinir sveitarfélögum að fylgja ákveði þau að fara út í sjálfstæðar framkvæmdir óháð Ísland ljóstengt verkefninu.

2.1. Markaðsbrestur

Það fyrsta sem þarf að horfa til er hvort að markaðsbrestur sé til staðar gagnvart þeim stöðum sem um ræðir en slíkt er forsenda fyrir því að heimilt sé að veita ríkisaðstoð. Greina þarf því hvaða staðir eru án háhraðatenginga á næstu kynslóðar aðgangsneti (NGA aðgangsneti). Hvað Ísland ljóstengt varðar þá teljast ljósnets (VDSL2) og ljósleiðaratengingar vera slík NGA aðgangsneti. Er gerður greinarmunur á tegundum svæða sem heimilt er að veita aðstoð en þeim er skipt upp í *hvít, grá og svört svæði* og í skilgreiningu þeirra felast mismunandi forsendur sem réttlæta afskipti hins opinbera á þessum landssvæðum. Til að sveitarfélagi sem hyggst veita ríkisaðstoð, sé á annað borð kleift að skilgreina landssvæði sem hvít, grá eða svört, þá þarf það fyrst að ganga úr skugga um hvort að NGA aðgangsneti eða nýtanlegir innviðir séu fyrir hendi á því svæði sem aðstoðin á að beinist að.⁴ Þá ber viðkomandi stjórnvaldi jafnframt að athuga hvort einkafjárfestar hafi uppi staðfest áform um að byggja upp eigin NGA grunnvirki/innviði á næstu árum (e. „*in the near future*“) til þess að tryggja enn frekar að opinber afskipti raski ekki einkafjárfestingum.

2.2. Hvít svæði

Til hvítu svæða samkvæmt Ísland ljóstengt, teljast þau svæði eða öllu heldur þeir staðir/byggingar þar sem ekkert NGA aðgangsneti er að finna auk þess sem ólíklegt er að slík innviðaupbygging muni eigi sér stað á markaðsforsendum á næstu árum. Getur veiting opinberrar aðstoðar (frá ríki og/eða sveitarfélagi) komið til greina á slíkum svæðum að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Svæði teljast hvít þrátt fyrir að sveitarfélagi bjóðist afnot af fyrirliggjandi ljósleiðaraþráðum, ídráttarrörum, sírstöðvum, tengimiðstöðum og öðrum innviðum sem hagkvæmt er að nýta í uppbyggingu á nýju ljósleiðarakerfi.

⁴ PFS getur veitt ráðgjöf um hvað teljist vera NGA aðgangsneti, auk þess sem finna má nánari skilgreiningu á NGA aðgangsnetum samanborið við hefðbundin aðgangsneti í kafla 7.1. í leiðbeiningum PFS:

https://www.pfs.is/library/Skrar/Ljosleidaraupbygging/Leidbeiningar_um_oppbyggingu_ljosleidaneta_og_rik_isadstodarreglur_EES.pdf

2.3. Grá svæði

Grá svæði eru þau svæði og þeir staðir þar sem einn aðili annast rekstur NGA aðgangsnets og líkurnar á því að annað kerfi verði byggt upp á næstu árum eru litlar. Það að einn kerfisrekandi sé þegar starfandi á viðkomandi svæði þarf ekki að þýða að ekki sé um markaðsbrest að ræða. Þannig getur verið uppi sú staða að umræddur rekstraraðili hafi umtalsverðan markaðsstyrk (einokun) og sú þjónusta sem hann býður notendum upp á uppfyllir ekki væntingar um gæði eða sé of hátt verðlögð. Þá kann einnig að vera að ákveðnir hópar fái ekki ásættanlega þjónustu. Fjármögnun á öðru grunnvirki af hálfu hins opinbera getur því talist viðeigandi ráðstöfun, ef litlar líkur eru á því að annar rekstraraðili komi inn á markaðinn á markaðsforsendum. Þetta þarfnast þó frekari mats en hið opinbera þarf að sýna þarf fram á að markaðsbrestur ríkir á svæðinu. Fjarskiptasjóður á grundvelli Ísland ljóstengt verkefnisins styrkir þó ekki fjarskiptaupbyggingu sveitarfélaga á gráum svæðum.

2.4. Svört svæði

Svört svæði eru þau svæði og þeir staðir þar sem tveir eða fleiri aðilar annast rekstur NGA aðgangsnets og útlit er fyrir að svæðið verði ekki grátt m.t.t. ríkisstyrkjareglna í fyrirsjáanlegri framtíð. Ríkisstyrkt uppbygging á slíkum svæðum er bæði óþörf og óheimil.

2.4. Hnit á staðalista

Hnit segja til um nákvæma staðsetningu í tilbúnum hnitakerfum. ISN93 er hnitakerfi fyrir Ísland en það tekur sérstaklega mið af Íslandi. Hnitakerfið WGS84 er mikið notað, bæði á Íslandi og erlendis, og er það hnitakerfi sem GPS styðst við þó sum tæki varpi í annað hnitakerfi.

2.5. Lögheimili/atvinnuhúsnæði (Hvít)

Ein af grunnforsendum þess að staður/bygging/íbúð geti mögulega talist eiga kost á að hljóta ljósleiðaratengingu með opinberum stuðningi frá fjarskiptasjóði er að þar sé skráð lögheimili/atvinnustarfsemi. Samkvæmt lögum nr. 21/1990, um lögheimili, telst lögheimili manns vera sá staður þar sem hann hefur fasta búsetu. Miða á við lögheimili eins og þau eru skráð 1. október 2018.

2.6. Heilsárs búseta/atvinnustarfsemi (Hvít)

Forsenda þess að lögheimili/lögaðili geti mögulega talist eiga kost á að hljóta ljósleiðartengingu með opinberum stuðningi frá fjarskiptasjóði er að um heilsárs búsetu/atvinnustarfsemi með reglubundinni viðveru sé að ræða á viðkomandi stað.

2.7. Fjarskiptastaðir

Á landinu er til staðar fjöldi fjarskiptastaða fyrir þráðbundin eða þráðlaus fjarskipti sem ekki eru tengdir með ljósleiðara. Áréttað er mikilvægi þess, við uppbyggingu á ljósleiðarakerfa, að stuðlað verði að því að fjarskiptastaðir og þá ekki síst sendastaðir fyrir farnet verði jafnframt tengdir ljósleiðara en slíkt er forsenda fyrir því að mögulegt sé að veita 4G (eða 5G) þjónustu á svæðum til framtíðar litið enda greiði eigandi sendastaðarins uppsett tengigjald. Mikilvægt er að sveitarfélög hanni ljósleiðarakerfi með hliðsjón af slíkum þáttum enda er það í þágu íbúa og gesta viðkomandi sveitarfélags. Einnig er lögð áhersla á það að gert sé ráð fyrir tengibrunnum eins og kostur er fyrir nýja álitlega sendastaði fyrir farnet eins og kostur er sem þjónað geta svæðinu og nærliggjandi svæðum í framtíðinni. Ljósleiðaratenging nýrra sendastaða fyrir farnet eru styrkhæfir hjá fjarskiptasjóði.

2.8. Sumarhús (Frístundabyggð)

Þótt fjarskiptasjóður og/eða sveitarfélög standi almennt ekki straum af kostnaði við það að tengja sumarhús við ljósleiðara þá gæti sveitarfélagið ákveðið engu að síður að gera ráðstafanir til að gera tengingu þeirra auðveldari/hagkvæmari en ella eða bjóða eigendum þeirra að taka beinan þátt og þannig samnýta þá framkvæmd sem áætluð er.

2.9. Önnur atvinnustarfsemi/ferðamannastaðir

Eins og áður sagði þá þarf að vera um heilsárs atvinnustarfsemi með fastri viðveru að ræða svo fyrirtæki geti talist eiga kost á styrk frá fjarskiptasjóði. Kirkjur, veiðihús, félagsheimili, o.s.frv. eru styrkhæfir staðir ef þar er heilsársstarfsemi þótt hún sé mismikil eftir árstímum. Vissulega geta þó undantekningar verið til staðar, s.s. atvinnustarfsemi sem er háð árstíðum, fjölfarnir ferðamannastaðir þar sem starfsemi og rekstur einskorðast við vor/sumar/haust. Uppbygging á slíkum stöðum getur hins vegar verið æskileg ef ekki nauðsynleg m.t.t. öryggissjónarmiða og almannaheilla. Þessa þarf að horfa til og vega og meta hverju sinni við uppbyggingu ljósleiðaraneta. Sveitarfélög geta í slíkum tilvikum óskað sérstaklega eftir því að fjarskiptasjóður meti hvort slíkir staðir geti verið metnir styrkhæfir þrátt fyrir að þeir uppfylli ekki almennar kröfur sjóðsins um styrkhæfi.

2.10. Veitumannvirki

Mikilvægt getur verið að horfa til þess að veitufyrirtækjum gefist kostur á að ljósleiðaratengja mikilvæg raforkuvirki- og önnur veitumannvirki.

2.12. Annað

Aðrir staðir eða mannvirki, heldur en að framan greinir, sem sveitarfélag vill gefa kost á því að taka þátt í framkvæmd.